



218. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 12. desember 2013 kl. 12:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðaði Ingi Þór Ágústsson.

Þetta gerðist:

1. Formannafundur ÍSÍ

Forseti fór yfir Formannafund ÍSÍ sem haldinn var 28. nóvember nk. Fundurinn tókst vel, sem og Fjármálaráðstefna ÍSÍ sem haldin var í Laugardalshöll sama dag. Óformlegur fundur íþróttahéraða fór einnig fram þennan dag í húsakynnum ÍSÍ. Á Formannafundinum var lagt til að framkvæmdastjórn ÍSÍ sendi RÚV bréf þar sem niðurskurði á íþróttadeild RÚV sé mótmælt. Lögð fram drög á því bréfi og það samþykkt. Skrifstofu falið að senda það til RÚV.

2. Íþróttamaður ársins 2013 og undirritun samstarfssamninga við Ólympíufjölskyldu

Farið var yfir fyrirkomulag hófsins, sem haldið verður í Gullhömrum 28. desember nk. Í tengslum við hófið verða samningar við fyrirtækin í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ undirritaðir. Um er að ræða táknræna undirritun þar sem að ekki hefur náðst að gera það með formlegum hætti fyrr en nú en samningar runnu út í árslok 2012. Öll fyrirtækin voru búnin að staðfesta samstarf við ÍSÍ fram yfir Ólympíuleikana í Ríó 2016.

3. Úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ

Lögð fram tillaga sjóðsstjórnar Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ. Samþykkt að veita eftirfarandi styrki úr sjóðnum:

- Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir, strandblakskonur úr HK– 500 þús. krónur vegna verkefna á árinu 2014.
- Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni – 500 þús. krónur vegna þátttöku í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna í golfi.
- Erna Friðriksdóttir, Skíðafélaginu í Stafdal – 500 þús. krónur vegna undirbúnings og keppni á Vetrarólympíumoti fatlaðra í Sochi.
- Skíðasamband Íslands – 1 m. króna vegna undirbúnings og þátttöku landsliðskvenna á Vetrarólympíuleikunum í Sochi.

4. Afrekssjóður ÍSÍ

Kynntar tillögur að breytingum á starfsreglum Afrekssjóðs ÍSÍ. Áfram verður unnið að breytingartillögum. Helgu Steinunni falið að leiða þá vinnu í samstarfi við forseta, framkvæmdastjóra, formanns Afrekssjóðs ÍSÍ og sviðsstjóra Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ.

5. Heiðranir

Engar tillögur um heiðranir lágu fyrir fundinum.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 217. fundur framkvæmdastjórnar
- 28. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ frá 4. desember
- Verkefnasjóður ÍSÍ frá 12. desember. **Tillögur að styrkjum samþykktar.**

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 23. janúar kl. 16:00 og 27. febrúar kl. 16:00.

9. Önnur mál

Ingibjörg Bergrós þakkaði fundarmönnum fyrir gjöf í tilefni af 60 ára afmæli hennar 6. desember sl. og fyrir kökuna sem boðið var uppá á fundinum, í sama tilefni.

Fundur með forsvarsmönnum SSÍ

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá fundi með formanni og varaformanni SSÍ vegna bókana í fundargerð SSÍ.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.